

Fundur Myndlistarráðs
Mánudagur, 16. september kl 8:30
Gimli, Lækjargötu

Fundur nr. 2/2019

Boðaðir á fundinn eru: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðifélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Laufey Jakobsdóttir (KÍM) verkefnastjóri ritar fundargerð.

Fundur settur 8:55

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis.

Fundargerð síðasta fundar er lögð fyrir ráðið. Ákveðið er að gefa kost á athugasemdum og skrifað verður því undir á næsta fundi.

2. Seinni styrkveiting 2019 - niðurstöður matsnefndar kynntar.

Fulltrúar myndlistarráðs í matsnefndum kynna niðurstöður nefndanna og fara efnislega yfir þau verkefni sem mælst er til að hljóti styrk úr sjóðnum í síðari úthlutun ársins.

Í flokki sýningarverkefna þótti matsnefnd verkefnin fjölbreytt, þá bar einnig á góðri dreifingu yfir landið. Ákveðið var að færa 1,5 millj úr minni sýningarverkefnum yfir í stærri. Umfang stærri sýningarverkefna þótti mikið og margar umsóknir góðar og vel unnar. Því var ákveðið að veita ekki hærra en 1 millj.kr til einstaka verkefna. Einnig var bætt við fjármagni við flokk undirbúningsstyrkja.

Rætt er að vert sé að endurskoða flokkinn 'aðrir styrkir', þar eigi einungis heima verkefni sem að geti ekki heyrt undir aðra flokka. Bent er á að í flokki annarra styrkja hafi verið góðar umsóknir og viðamikil verkefni. Ekki sé nægt fé í sjóðnum til þess að styrkja öll þau verkefni að fullu.

Ákveðið er að leggja eitt verkefnanna í flokki rannsókn- og útgáfu aftur fyrir matsnefnd. Myndlistarráð samþykkir því niðurstöður matsnefndar með fyrirvara um umræddar breytingar.

Áframhaldandi umræður um hvernig bæta megi vinnuferli og umsóknarkerfið sjálft. Ákveðið að taka það mál upp á næsta fundi. Verkefnastjóri hefur samband við forritara og leggur þær viðhaldsbreytingar sem gerðar hafa verið á vefnum fyrir ráðið á næsta fundi.

3. Önnur mál

i. Íslensku myndlistarverðlaunin 2020.

Tímalína vegna verðlauna næsta árs var lögð fyrir ráðið. Málið verður tekið upp aftur á næsta fundi.

Næsti fundur verði haldinn mánudaginn 7. október, kl 8:30.

Fundi slitið 10:55